



Félag íslenskra
sjúkraþjálfara

Fréttamolar FÍSP

Efnisyfirlit:

Fréttir og tilkynningar

Framundan hjá FÍSP

Táp Sjúkraþjálfun

Rós FÍSP

Úr dagbók stjórnar

Myndir frá sameiginlegum fundi norrænu sjúkraþjálfarafélaganna

Hvað er framundan??

- 31.maí: samhæfingarfundur ritnefndar FÍSP
- 7.júní: Næsti fundur stjórnar
- 10.júní: Golfmót sjúkraþjálfara
- Sameiginlegur fundur formanna sjúkraþjálfarafélaga
- 20.júní: Heimsping í Amsterdam!!!

Fréttamolar FÍSP

Það eru sjúkraþjálfarar frá Táp

sjúkraþjálfun ehf. sem standa fyrir fréttabréfinu að þessu sinni. Fréttamolarnir fara nú í

sumarfrí en stefnt er á útgáfu aftur í haust.

Áhugasamir hafi samband:

annasolveig@reykjalundur.is



Fréttir og tilkynningar

Markpóstur á félagsmenn

Fyrirtæki sækjast í auknu mæli eftir því að senda rafrænan markpóst á félagsmenn. Fyrirtækin eru þá að auglýsa vörur eða koma upplýsingum á framfæri við félagsmenn um þjónustu sem þau veita. Þeir félagsmenn sem vilja ekki fá slíkan markpóst eru vinsamlegast beðnir um að setja sig í samband við félagið physio@physio.is og biðja um að netfangið þeirra verði undanþegið markpósti.

Dagur sjúkraþjálfunar 2012 Næsti Dagur sjúkraþjálfunar mun verða haldinn þann 2.mars 2012. Ef þið hafið hugmyndir að þemu og fyrirlestrum megið þið endilega hafa samband við Örnú E. Karsldóttur: arnaek@reykjalundur.is

Stjórn FÍSP óskar þér og þínum gleðilegs SUMARS!

Fréttamolar frá Táp

Táp sjúkraþjálfun hefur verið starfrækt síðan í apríl 1998 í Hlíðasmáranum í Kópavogi. Fyrst í Hlíðasmára 14, en þá var smárahverfið í Kópavogi að byrja að byggjast, svo margt hefur breyst í hverfinu síðan þá. Smáralindin var opnuð nokkrum árum síðar og mikið af fyrirtækjum hefur komið sér fyrir hér í nágrenninu.

Í nóvember 2009 fluttum við okkur svo um set í Hlíðasmára 15 og hér unum við hag okkar vel. Nú er sjúkraþjálfunin á jarðhæð svo aðgengi er mjög gott og hefur hver sjúkraþjálfari sitt meðferðarherbergi eða skrifstofu út af fyrir sig og er það breyting sem allir kunna vel að meta, jafnt skjólstæðingar sem og við sjúkraþjálfararnir. Tækja- og æfingarsalurinn hjá okkur er bjartur og rúmgóður þar sem skjólstæðingar púla og puða annað hvort á eigin vegum eða undir leiðsögn sjúkraþjálfara síns.

Nú starfa 7 sjúkraþjálfarar hjá Táp, allir með mikla reynslu á margvíslegum sviðum og svo er ein aðstoðarmanneskja sem starfar hér með okkur og er algjörlega ómissandi. Skjólstæðingahópurinn er fjölbreyttur eins og á flestum stöðum, stór hluti er þó eldri borgarar enda fjölmenn byggð eldri borgara hér í smárahverfinu. Stutt er fyrir þá að koma hingað til okkar enda erum við í göngufæri fyrir þá sem eru það hressir og er það sem betur fer nokkuð stór hópur.

Við erum ofur stolt af því að einn evrópumeistara Gerplu í fimleikum starfar hjá okkur. Því fylgir að talsvert af fimleikafólki kemur í meðferð til okkar auk annars íþróttafólks s.s. fót-boltamenn og konur.

Einn sjúkraþjálfari er með masterspróf í meðhöndlun á grindarbotnsvandamálum og þvag-leka og talsvert er um meðferð á konum á meðgöngu og eftir fæðingu, enda höfum við lengi lagt áherslu á þann hóp.

Við erum í samstarfi við Heilsuvernd og komum að úttekt á vinnustöðum og leiðbeiningum um vinnuaðstöðu í samstarfi við þá. Einnig höfum við komið að námskeiðum um líkams-beitingu og vinnuumhverfi.



Hér í Táp eru fimmtudagarnir alveg í sérflokk, þá tökum við hádegið frá og borðum saman, því eins og margir þekkja þá er ekki oft sem allir ná að setjast niður á sama tíma í svona starfsemi. Þar sem miklir matgæðingar eru hér á ferð, er þetta að verða mikil matarhátíð og mæta allir mjög spenntir í vinnu á fimmtudögum og yfirleitt mjög svangir líka.

Við höfum haldið vor- og jólaskemmtun starfsfólks sem hefur verið óborganleg skemmtun enda er skemmtinefnd Táps æviráðin sökum hugmyndaauðgi og skemmtilegra uppákoma. Síðasta sumar var farið í óvissuleiðangur frá vinnustað og alla leið í Grafarvoginn á hjólum

Skemmtinefndin hafði valið áfangastaði þar sem þrautir og gátur voru lagðar fyrir okkur en hópnum var skipt upp í lið. Þar fengu að njóta sín leiklistarhæfileikar, ratvísi, dans- og sönghæfileikar, almenn slúðurþekking í Séð- og heyrt þraut og svo auðvitað hjólahæfileikar eftir kampavínsdrykkju í Elliðaárdal. Endað var svo í góðu grilli. Skemmtinefndin stendur þar að auki fyrir hinum ýmsu uppákomum innan vinnustaðarins. Þar má nefna þemadaga, leynivínabúnað, ratleiki, grillpartý og laser tag, þar sem drápsþæfileikar einstakra starfsmanna hafa komið á óvart. Einnig höfum við farið út að borða saman til að brjóta upp vinnuvikuna.

Við sjúkrahjálfarar getum öll verið sammála um að ekki veiti af að hressa upp á andann þar sem starf okkar er almennt að gefa af okkur, styðja og hvetja okkar skjólstaðinga til betri heilsu. Það er auðvelt að tæma brunninn og standa uppi hálf tómur, alla vega eftir margra ára starf. Það er því nauðsynlegt að sinna sjálfum sér og mórálnum.





Sjúkraþjálfarar í Kópavogi sem standa að verkefningu "að brúka

bekki."

Höldum keflinu á lofti. Er þitt bæjarfélag næst í röðinni?

Félag íslenskra sjúkraþjálfara

Engjavegi 6

www.physio.is

Stjórn FÍSP

Héðinn Jónsson, formaður

Arna E. Karlsdóttir, varaformaður

Ása Dagný Gunnarsdóttir, gjaldkeri

Unnur Árnadóttir, ritari

Anna Sólveig Smáradóttir, meðstjórnandi

Norrænn fundur sjúkraþjálfarafélaga var haldinn á Íslandi 5.-6. maí s.l. á Grand Hótel. Fundurinn tókst í alla staði vel. Það er mjög hollt fyrir okkur að spegla okkur í starfi stærri þjóða, læra og miðla. Danir útskrifa um 600 sjúkraþjálfara á ári sem er sami fjöldi sjúkraþjálfara á Íslandi í heild. Á þessum fundum lærir margt og eins er gaman að geta verið leiðandi meðal norðurlanda t.d. hvað varðar sérfræðiviðurkenningar. Við erum eina landið þar sem ráðuneytið veitir viðurkenningarnar. Eins koma norrænu félögin sér saman og álykta í ákveðnum málum sem tekin eru fyrir á Evrópufundinum en hann verður næst haldinn fyrir Heimsþing sjúkraþjálfara í Amsterdam.

Haldinn var samráðsfundur sjúkraþjálfarafélaganna þriggja í byrjun mánaðar þar sem var ákveðið að vinna áfram að sameiningu allra sjúkraþjálfara. Næstu skref eru að formenn félaganna hittast í byrjun júní og fara yfir tilboð í lögfræðiaðstoð.

Föstudaginn 13. maí var haldið málþing á Reykjalundi. Að málþinginu stóðu Félag íslenskra sjúkraþjálfara, Félag íslenskra heimilislækna, Félag íslenskra endurhæfingarlækna og Lýðheilsustöð með stuðningi fræðslumiðstöðvar Læknafélags Íslands ásamt Reykjalundi. Málþingið bar heitið „**Hreyfing sem meðferðarform**“. Rannsóknir hafa sýnt að skipulögð hreyfing er öflugt meðferðarform vegna ýmissa krónískra sjúkdóma. Málþingið var ætlað fagfólki sem starfar við meðhöndlun sjúklinga. Alls sóttu um 220 manns þingið á Reykjalundi en fundurinn var sendur út til Akureyrar, Egilsstaða og Ísafjarðar þar sem bættust við c.a. 40 manns.

Þann 17. maí var fundað með Kópavogsbæ og félagi eldri borgara í Kópavogi um verkefnið „að brúka bekki.“ Kópavogur hefur ákveðið að slást í hópinn með Akureyri og Garðabæ. Í þessum mánuði voru einmitt vígðar nýjar gönguleiðir í báðum þessum sveitarfélögum. Viðræður hafa staðið lengi við Reykjavík og sjúkraþjálfarar víða um land eru komnir í start-holurnar í sínum sveitafélögum.

Þann 18. maí var símafundur til Svíþjóðar í tengslum við sameiginlegan Norrænan stand á Heimsþinginu í Amsterdam. Okkar „kære nordiske venner“ leyfa okkur að vera með í því verkefni án þess að við berum kostnað af.

FÍSP á fulltrúa í nefnd um hreyfingu í framhaldskólum í tengslum við verkefnið *Heilsuefandi framhaldsskóli*. Fundurinn fór fram þann 20. maí s.l. og var farið yfir niðurstöður af vinnufundi sem Lýðheilsustöð og faghópur HOFF (Heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum) héldu þann 1. apríl og unnið var að gátlista fyrir hreyfingu í framhaldsskólum.

Sameiginlegur fundur norrænu sjúkraþjálfarafélaganna

